



495. fundur Þingvallanefndar

12. október 2022 kl 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Vilhjálmur Árnason, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir varamaður Oddnýjar Harðardóttur, Tómas Tómasson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir varamaður Orra Páls Jóhannssonar.

Oddný Harðardóttir og Orri Páll Jóhannsson boða forföll en boða varamenn.

Formaður setur fund og stýrir:

Dagskrá

1. Sumarhús – Forkaupsréttur Valhallarstígur S - 20.

Þingvallanefnd hafnar að nýta forkaupsrétt og heimilar framsal lóðaleiguréttinda. Andrés Ingi Jónsson greiðir atkvæði á móti en Þórunn Sveinbjarnardóttir situr hjá.

Önnur mál.

Formaður leggur til að halda stærri fund fyrir aðal og varamenn til kynningar á deiliskipulagi.

Þjóðgarðsvörður greinir frá tveimur ráðstefnum sem hann hefur sótt og tengjast heimsminjasáttmálanum.

Samtök norrænna heimsminjastaða heldur árlega ráðstefnu sem haldin var í ár í Rjukan-Notodden í Noregi. Þjóðgarðsvörður er formaður samtakanna.

Ráðstefnan verður haldin á næsta ári á Íslandi og formlega í boði Vatnajökuls.

ICCROM (The International Centre for the Study of the Preservation and Restoration of Cultural Property – bauð til hátíðarráðstefnu í Bergen í tilefni að endurnýjun samstarfssamnings við norska ríkið um sex ára stuðning við alþjóðlegt verkefni sem miðar að því að auka endurmenntun og þekkingu á stjórnun heimsminjastaða.

Fundi slitið.